

umsókn um styrk frá Lokahóp Fata og hönnunardeildar FG v. tískusýningar

Til : Hulda Hauksdóttir
Frá : thorunnmaria@fg.is
Heiti : umsókn um styrk frá Lokahóp Fata og hönnunardeildar FG v. tískusýningar
Málsnúmer : 1601420
Málsaðili : Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Skráð dags : 07.01.2016 15:03:15
Höfundur : thorunnmaria@fg.is

Sæl og blessuð Hulda,

Nú í vor heldur lokaáfangi Fata og textílhönnunarbrautarinnar í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ metnaðarfulla tískusýningu eins og undanfarin ár. Sýningin fer fram í apríl en enn er verið að leita að heppilegri staðsetningu. Slíkri sýningu fylgir jafnan kostnaður sem nemendur verða sjálfir að standa skil á og það reynist þeim oftast en ekki þungur baggi.

Fyrir hönd nemendahópsins sæki ég því um styrk til Menningar og safnanefndar Garðabæjar. Óskaupphæðin væri 100.000 krónur.

Ekki er um eiginlega kostnaðaráætlun að ræða þar sem öllum kostnaði er haldið í lágmarki en styrkurinn færi í leigu á sal, leigu á ljósabúnaði, leigu á hljóðkerfi ef það er ekki til staðar, kostnaði við plaggat gerð og öðrum kostnaði sem til fellur og lendir annars á nemendum að greiða.

Með vinsemd og virðingu og von um jákvæð viðbrögð,
Þórunn María Jónsdóttir
kennslustjóri á Fata og textílhönnunarbraut FG
s. 694 9240